

# NÁMSLÝSING

STARF Í FRÍSTUND

Námskrá: Smiðja 1 – 2, 2  
Færni á vinnumarkaði



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS

**NAFN NÁMSLÝSINGAR**

Starf í frístund – í samræmi við námskrá Smiðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði (24-567-1-180)

**VINNUSTUNDIR NEMA**

Klukkustundir 180

**HVERJUM ÆTLAÐ**

Fullorönu fólki 18 ára eða eldra með stutta skólagöngu að baki og vill undirbúa sig til starfs í frístund.

**ÚTGEFANDI**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins  
2. útgáfa 2025

**Gert af:** Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

- Staðfest af FA samkvæmt reglum um hæfniviðmið námskrár

# Efnisyfirlit

NOTKUN HUGTAKA Í NÁMSLÝSINGUM FA .....	2
NÁMSLÝSING .....	2
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMS .....	2
SKIPULAG .....	3
NÁMSMAT .....	3
STARFSNÁM.....	3
UMFANG OG INNIHALD .....	3
UPPLÝSINGAR TIL FRÆÐSLUAÐILA/LEIÐBEINENDA, VINNUSTAÐAR/STARFSÞJÁLFA OG RÁÐGJAFJA VMST .....	4
YFIRLITSTAFLA .....	4
NÁMSÞÆTTIR.....	5
NÝ VERKEFNI, NÝTT STARF 1 – 2.11 F- SMÍÐ1HV (28) .....	5
VERKLAG OG VINNUBRÖGÐ 1 – 2.12 F- SMÍÐ2FS (2) .....	6
STARFSÞJÁLFUN - LEIÐSÖGN 1 – 2.13 F- SMÍÐ1SL (31).....	7
ÞJÁLFUN OG SJÁLFSTÆÐ VINNA 1 – 2.14 F- SMÍÐ1ÞÆ (29).....	8
SJÁLFSTÆÐ VINNA OG ÞJÁLFUN 1 – 2.15 F- SMÍÐ1SP (30) .....	9
VERKLOK 1 – 2.16 F- SMÍÐ2VL (1) .....	10
VIÐAUKAR .....	11
NÁMSMAT .....	11
MAT Á FRAMKVÆMD NÁMS .....	12
VERKDAGBÓK.....	13
HÆFNIMAT – VINNUSTAÐANÁM - STARF Í FRÍSTUND.....	15

## Notkun hugtaka í námslýsingum FA

Vísast til heimasíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/namskra/hugtakalisti/>

### Námslýsing

Námslýsingin er gerð út frá námskrá FA Smiðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði (24- 567-1-180), í námskrárgrunni mennta- og barnamálaráðuneytis og á vef FA.

Námskráin Smiðja 1-2, 2 Færni á vinnumarkaði lýsir námi á 1. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi og skiptist í 6 námsþætti. Námslýsingin byggir á starfaprófil, Starf í frístund og námslýsingin byggir alfarið á námsskránni og þeim námsþáttum sem þar er lýst. Námsþættirnir eru útfærðir miðað við starf í frístund og koma þeir fram hér á næstu síðum með sömu númer og í námskrá. Hæfnipættir hvers námsþáttar eru einnig stílfærðir í takti við verkefnið en innan marka námskrárinnar. FA staðfestir lýsingar frá fræðsluaðilum út frá námskrá og birtir þær á vef sínum, [www.frae.is](http://www.frae.is).

Megintilgangur með náminu er að nemar fái góða innsýn í að leysa verkefni sem felast í starfinu sem námslýsing fæst við, læri og þjálfist í vinnulagi, verkunnáttu, vinnusemi og samstarfi. Áhersla er á almenna og starfstengda starfshæfni nema eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Æskileg hópastærð er 6 – 10 nemar í hópi. Framkvæmd náms er í samstarfi fræðsluaðila, Vinnumálastofnunar og fyrirtækja á opinberum og almennum vinnumarkaði.

Markmið er að efla hæfni fólks til að sinna starfi í frístund. Nemar afla sér kunnáttu og nýta til að vinna að verkum undir leiðsögn.

Auk þess að geta leyst ákveðin viðfangsefni eftir þjálfun á vinnustað þá er gengið er út frá að nemar geti unnið með nokkru sjálfstæði undir leiðsögn, eftir að hafa fengið ítarlega leiðsögn. Nemar fá að auki innsýn í og taka virkan þátt í ýmsum verkefnum, daglegum eða sjaldnar unnum verkefnum. Reynslan sem nemar hljóta, bæði við undirbúning og í vinnustaðanáminu nýtist við að bæta við sig frekari þekkingu, leikni og hæfni svo að lokum verði nemar tilbúin til að sinna starfinu.

Megintilgangur með náminu er að nemar fái góða innsýn í að leysa verkefni sem felast í starfinu sem námslýsing fæst við, læri og þjálfist í vinnulagi, verkunnáttu, vinnusemi og samstarfi. Áhersla er á almenna og starfstengda starfshæfni nema eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Æskileg hópastærð er 6 – 10 nemar í hópi. Framkvæmd náms er í samstarfi fræðsluaðila, Vinnumálastofnunar og fyrirtækja á opinberum og almennum vinnumarkaði.

Námslýsingin er ætluð nemum, fræðsluaðilum, starfspjálfum á vinnumarkaði og leiðbeinendum.

### Hæfniviðmið náms

Að loknu námi þurfa nemar að búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþátta:

#### Þekking:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- að nota algengt mál tengt verklagi í starfinu
- eigin heilsuefningu og viðhorfi til vinnu
- virkni og eiginleikum búnaðar og áhaldna í vinnu, ef við á
- reglum og leiðbeiningum sem gilda á vinnustað
- fyrirmælum um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti starfsfólks
- mikilvægi samvinnu og jákvæðra viðhorfa til vinnu og breytinga
- notkun verkdagbókar.

#### Leikni:

Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum á vinnustað
- vinna samkvæmt leiðbeiningum leiðsagnar á vinnustað
- nota viðeigandi efni í samræmi við leiðbeiningar, ef við á
- nota viðeigandi búnað og áhöld

- fylgja öryggisreglum um meðferð og notkun búnaðar, eins og við á
- nota algengt mál sem tengist vinnunni.

#### Hæfni:

Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- fylgja reglum á vinnustað
- vinna samkvæmt leiðbeiningum starfsþjálfara á vinnustað
- gera ráðstafanir til að tryggja öryggi sitt
- vinna verkefni í samstarfi við samstarfsfólk
- sýna þjónustulipurð við viðskiptavini, ef við á.

## Skipulag

Námið er fyrst og fremst verklegt með þverfaglegu innleggi, mest í fyrstu tveimur námsþáttum en auk þess jafnt og þétt á meðan námið stendur yfir. Hæfniviðmið eiga við nám samkvæmt námskránni og miðast við nema sem læra út frá leiðbeiningum og undir verkstjórn.

Stígandi er í náminu í sjálfstæði og ábyrgð á vinnu með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verklýsingum og undir eftirliti leiðbeinanda eða starfsþjálfara. Í verkefnavinnu ýmist vinna nemar sjálfstætt að skilgreindum verkefnum á vinnustað eða í smiðjunni hjá fræðsluaðila. Auk þess vinna nemar sjálfstætt að verkefnum sem tengjast viðbótar vinnuframlagi nema samkvæmt yfirlitstöflu, bls. 4.

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með náminu og allri framkvæmd sem snýr að fræðsluhluta. Verkefnastjóri sér til þess að námsþættir séu samþættir og tryggir rökrétta samfellu þeirra.

Atvinnutengill/ráðgjafi VMST er tengiliður við starfsfólk á vinnustað (starfsþjálfari) sem hefur umsjón með nema í vinnustaðanámi fyrir hönd vinnustaðar. Starfsfólk sem sinnir leiðsögn á vinnustað skal hafa hlotið undirbúning fyrir verkefnið. Sá undirbúningur er á ábyrgð VMST. Áhersla er á að nota fjölbreyttar kennsluáðferðir sem henta fullorðnu fólki.

Starfsþjálfar eru fagfólk sem starfar öllu jöfnu við fagið/starfið. Vinnustaðanám fer fram á vinnustað.

Með námskránni Smiðja 1 -2, 2 Færni á vinnumarkaði fylgir handbók.

## Námsmat

Námsárangur og námsframvinda er metin út frá hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun.

Við mat á hæfni skoðast þátttaka nema og áhersla er á að leiðbeinandi / starfsþjálfari og nemar fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig nemum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Nemar þurfa að standast hæfniviðmið náms til að ljúka námi. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Námslok eru Fagbréf atvinnulífsins á þrepi 1 samkvæmt Hæfniramma um íslenska menntun. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út Fagbréfið.

## Starfsnám

Já, hluti náms er vinnustaðanám en námið er starfstengt með uppbyggingu og þjálfun til undirbúnings fyrir starf í frístund, námslýsing námskrárinna nær til. Námskráin, Smiðja 1.2, 2 Færni á vinnumarkaði, er að stærstum hluta þjálfun til starfs og þess að vera á vinnumarkaði. Vinnustaðanám er um 61% af heildartíma námskrár. Við lok vinnustaðanáms fer fram hæfnimat (samtal) milli nema og starfsþjálfara, sjá viðauka, Hæfnimat – Vinnustaðanám, síðu 14.

## Umfang og innihald

Námið er alls 180 klukkustundir og skiptist í sex námsþætti.

Í náminu er almenna og starfstengda starfhæfnin þjálfuð með fjölbreyttum aðferðum í tengslum við viðfangsefni sem staðið er frammi fyrir í starfinu eða mögulega einnig í samfélaginu. Útgangspunktur er að heildarmarkmið námsins náist.

## Upplýsingar til fræðsluaðila/leiðbeinenda, vinnustaðar/starfsþjálfara og ráðgjafa VMST

Námið byggir á frammistöðu og ábyrgð einstaklingsins, samvinnu og samábyrgð nema og starfsþjálfara. Námsfni, framsetningu og framvindu náms skal sníða að forsendum fullorðinna. Námsárangur er ekki einungis vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu nema og leiðbeinenda/ fræðsluaðila, starfsþjálfara á vinnustað og ráðgjafa VMST.

Leiðbeinendur styðja við þróun nema og uppbyggingu náms. Við nám í smiðju hafa nemar tækifæri til að nýta eigin reynslu og afla nýrrar. Reynt er að tengja reynslu og veruleika nema við viðfangsefni námsins hverju sinni. Áhersla er á styrkleika hvers og eins, hvatningu í garð nemanna og að vinna traust þeirra. Veita skal leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi og laga leiðsögn/kennslu að mismunandi námsnálgunum. Vinnustaður ber ábyrgð á inngildingu nema í vinnustaðanámi.

Leiðbeinandi og starfsþjálfari þarf að þekkja algengar hindranir hjá fullorðnum nemum og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Áhersla á fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir nemanna.

Leiðbeinandi og starfsþjálfari þarf að þekkja algengar hindranir hjá fullorðnum nemum og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Áhersla á fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir nemanna.

### Yfirlitstafla

Smiðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag-viðbót	Prep
Ný verkefni, nýtt starf 1-2.11	F- SMID1HV (28)	15	12	3	1
Verklag og vinnubrögð 1-2.12	F- SMID2FS (2)	20	13	7*	2
Starfsþjálfun – leiðsögn 1-2.13	F- SMID1SL (31)	20	18	2*	1
Þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.14 Vinnustaður	F- SMID1PÆ (29)	51	6	45*	1
Sjálfstæð vinna og þjálfun 1-2.15 Vinnustaður	F- SMID1SP (30)	59	6	53*	1
Verklök 1-2.16	F- SMID2VL (1)	15	15	0	2
<b>Vinnuframlag nema alls</b>		<b>180</b>	<b>70</b>	<b>110</b>	

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

\* Vinnuframlag nema fer fram í vinnustaðanámi á vinnustað.

Frjálst val: nei

## Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

### Ný verkefni, nýtt starf 1 – 2.11

F- SMÍÐ1HV (28)

<b>Þrep</b>	1
<b>Vinnustundir</b>	15
<b>Námsgrein</b>	Smiðja, verkefni 1
<b>Viðfangsefni</b>	heilsuefling, undirbúningur, skipulag, vinnuumhverfi, mæting, viðhorf

#### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla almenna starfshæfni sem nauðsynleg er á vinnumarkaði og jafnframt að styrkja þekkingu og viðhorf til heilsueflingar og gegn fordómum. Svo namar náí að efla og/eða tileinka sér þá persónulegu hæfni sem nauðsynleg er: sem þátttakandi í samfélaginu; til að sinna starfi sínu vel undir leiðsögn; og til að geta þróast í starfi. Námið byggir á fjölbreyttum aðferðum til þjálfunar: í tengslum við verkefni frístundastarfsins.

Í upphafi er fjallað um viðhorf til þess að vera á vinnumarkaði. Hverju þarf að huga að í tengslum við mætingu og samskipti til að sinna þeim störfum sem okkur er trúað fyrir og leysa þau vel af hendi. Umræða um viðhorf til mætingar í vinnu, að mæta á réttum tíma, taka hlé á réttum tíma og passa alltaf upp á að gera vel það sem við gerum. Áhersla á jákvæð samskipti við allt fólk í daglegum störfum.

Mikilvægt að ræða saman um heilsueflingu og gildi heilsusamlegrar næringar, passa upp á andlega líðan, hreyfingu, hreinlæti og nægan svefn fyrir vinnudaginn. Sinna tómsundum í frítíma eftir vinnu. Fjallað er um að vera í vinnu, vinnuumhverfið og hvaða áskoranir geta falist í starfi í frístund. Gengið er út frá að namar fái munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar og aðstoð eins og þurfa þykir.

**Forkröfur:** Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

#### Hæfniviðmið 1 – 2.11

**Þekking:** Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvað felst í því að vinna í frístund
- að mæta á réttum tíma
- samvinna og samstarf í vinnu
- mikilvægum þáttum í viðhorfi og samskiptum á vinnustað
- almennu hreinlæti og heilsueflingu

**Leikni:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- skoða eigin viðhorf til starfs í frístund
- finna hentuga leið til eigin heilsueflingar
- nýta námið til að geta sinnt vinnu sinni
- ræða mögulegar áskoranir við vinnu í frístund

**Hæfni:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- ræða eigin skoðanir á samhengi vinnu og sinna tómsundum í frítíma
- spjalla um samskipti og leiðir til farsællar samvinnu

#### Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	20
<b>Námsgrein</b>	Smiðja, verkefni 2
<b>Viðfangsefni</b>	fjölmening, samskipti, samvinna, skipulag, verkdagbók, vinnubrögð

### Lýsing

Markmið er að namar nái tókum á helstu þáttum sem starf í frístund snýst mest um og fái ítarlega fræðslu um búnað / verkfæri sem tengjast frístund og namar geta þurft að nota. Farið er yfir vinnubrögð og verklagsreglur ásamt gagnsemi góðra samskipta og samvinnu á vinnustað. Eins er farið ítarlega yfir fjölmenningu, fordóma, áreiti og einelti, og hvernig þessi mál tengjast vinnustaðnum. Kynnt og rætt um mikilvægi þess að við tókum öll ábyrgð á eigin heilsu og öryggi við vinnuna m.a. til að styrkja sjálfstraustið. Fái jafnframt fræðslu um sjálfbærni og umhverfismál og það skoðað út frá ábyrgð á eigin heilsu, öryggi barna og sínu eigin. Gengið er út frá að namar fái munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar og aðstoð eins og þurfa þykir.

Verkefni eru rædd, farið yfir alla þætti sem vinnan snýr að. Ræddar mögulegar leiðir við að leysa einstaka verkefni. Rætt um starfið og mögulega forgangsroðun þeirra verkefna sem fyrir liggja á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að namar eigi kost á einhverjum stuðningi/aðstoð (viðbótarvinnuframlag nema).

Namar fá fyrstu þjálfun í gerð verkdagbókar í tengslum við vinnuna. Gert er ráð fyrir að öll haldi verkdagbók daglega og fari reglulega yfir bókina með leiðbeinanda (og/eða starfsþjálfara). Hver nemi hefur sitt lag á framsetningu verkdagbókar, sjá nánar viðauka um verkdagbók.

Tilgangurinn er einnig undirbúningur nema fyrir vinnustaðanáam og þurfa namar að geta áttað sig á í hverju starfið felst og við hverju megi búast þegar mætt er til vinnu í frístund. Farið er yfir notkun algengra starfstengdra / fagtengdra orða. Þá er komið inn á helstu þætti vinnuverndar, vellíðan í vinnu og líkamsbeitingu við vinnu.

**Forkröfur:** Ný verkefni, nýtt starf 1-2.11 – eða samhliða, mat fræðsluáðila

### Hæfniviðmið 1 – 2.12

**Þekking:** Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- gagnsemi verkdagbókar
- helstu verkefnum starfs í frístund
- vinnuvernd og líkamsbeitingu
- helstu þáttum fjölmenningar
- að vinna eftir skipulagi / fyrirmælum
- setja upp verkdagbók fyrir vinnuna
- samvinna og samstarfi á vinnustað

**Leikni:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- fylgja fyrirmælum þess sem stjórnar (leiðsögn / starfsþjálfari)
- vinna verkefni sem tilheyra starfinu
- nota viðeigandi búnað sem hentar fyrir frístund
- nota algeng fagorð
- gera verkdagbók
- koma auga á aðstæður sem geta skapað hættu

**Hæfni:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna að verkefni samkvæmt fyrirmælum leiðsagnar
- sýna jákvæðni við vinnu eða breytingar
- vanda öll samskipti
- tileinka sér vinnubrögð sem henta fyrir verkið

### Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.



<b>Þrep</b>	1
<b>Vinnustundir</b>	20
<b>Námsgrein</b>	Smiðja, verkefni 3
<b>Viðfangsefni</b>	leiðbeining og stuðningur þjálfunar, réttindi og skyldur, verkdagbók

### Lýsing

Verkefni frístundastarfs eru skoðuð út frá getu og hagkvæmni. Stuðningur og hvatning til að nemar nái sem allra best að vinna verkin. Ræddar mögulegar leiðir við að leysa einstaka verkefni og mögulega forgangsröðun á þeim. Fjallað er um almenna starfsemi stéttarfélaganna með áherslu á störf trúnaðarmanna og hvernig þau geta nýst nemum í starfi.

Tilgangur námsþáttarins er að vera nemum í vinnustaðanámi til stuðnings auk þess að fara yfir áskoranir sem upp kunna að koma í frístundastarfi. Námsþátturinn er skipulagður af fræðsluaðila í samstarfi við vinnustaðinn þar sem vinnustaðanámi fer fram og VMST. Nemar fá reglulega leiðbeiningar um efni sem þau eru óörugg með byggt á þeirri reynslu sem þau hafa öðlast í starfinu.

Farið er í verklýsingu og verkþætti sem snúa að frístundastarfi. Ræddar mögulegar leiðir við að leysa einstaka verkefni.

Áhersla er lögð á góð og árangursrík samskipti, samvinnu og þjálfun í verklagi, að fylgja fyrirmælum og viðeigandi listum í tengslum við verkefni ef við á. Námsþátturinn byggir einnig á heimsóknum VMST á vinnustað á meðan vinnustaðanámi fer fram.

Nemar eru hvattir til að fylla daglega í verkdagbók allt það helsta sem gert var eða kom upp. Nemi og leiðbeinandi fara reglulega yfir helstu þætti úr verkdagbók og ræða hvernig allir þættir ganga eins og efni standa til.

**Forkröfur:** Verklag og vinnubrögð 1-2.12 – eða samhliða 1-2.14 og 1-2.15, mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið 1 – 2.13

**Þekking:** Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- forgangsröðun verkefna
- að fara vel með búnað og hluti
- að huga að flokkun og endurnýtingu hluta og efna
- að nýta vinnutíma vel
- samskiptum við samstarfsfólk og börn

**Leikni:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- vinna verkefni eftir verklýsingum og fyrirmælum
- skrifa reglulega verkdagbók (daglega)
- vinna með samstarfsfólki og börnum
- skipuleggja verkefni dagsins í frístund

**Hæfni:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna á skilvirkan hátt með börnum og samstarfsfólki
- spjalla um úrlausn verkefna
- meta verk sitt með það fyrir augum að bæta eigin árangur

### Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

<b>Þrep</b>	1
<b>Vinnustundir</b>	51
<b>Námsgrein</b>	Smíðja, verkefni 4
<b>Viðfangsefni</b>	fyrirmæli, samskipti, verkdagbók, vinnutími, vinnubrögð

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að æfa verklag og þjálfast í að fylgja leiðsögn / fyrirmælum í tengslum við verkefni starfs í frístund. Kynnast vinnustaðnum og fyrirkomulagi þar. Þjálfast í að vinna ákveðin verk og sinna öðrum verkefnum sem starfið felur í sér, t.d. taka þátt og aðstoða við skipulagðar stundir, aðstoða börnin eftir þörfum, hjálpa til við hressingu og frágang o.fl. Kennsla á og þjálfun í notkun búnaðar sem frístundastarfið getur krafist.

Lögð er áhersla á að þjálfra framkomu, samskipti og samvinnu við samstarfsfólk og börn við úrvinnslu verkefna í frístundastarfi. Nemar fá upplýsingar um vinnutíma, hlé (matar- og kaffitíma) og öll gögn / upplýsingar sem tengjast starfinu. Gert er ráð fyrir að nemar fái hér ítarlegar leiðbeiningar og útskýringar, munnlegar og sjónrænar, á verkefnum sem tengjast starfi í frístund. Fyrstu vikurnar er farið daglega yfir leiðbeiningar með nemum og gengið úr skugga um sameiginlegan skilning verkefnum starfsins.

Áhersla er á að nemar skrái reglulega í verkdagbók þar sem fram koma helstu verkefni dagsins og áskoranir sem upp koma. Nemar vinna að skipulagningu vinnu með stuðningi ef þarf og nota upplýsingatækni við ákveðin verkefni þar sem það á við, auk þess að nýta lista yfir dagleg verkefni miðað við umsaminn vinnutíma.

Reglulega fara nemi og starfsþjálfari / leiðbeinandi yfir hvernig vinnan hafi gengið og leysa úr málum sem þurfa úrlausnar við.

Forkröfur: Starfsþjálfun – leiðsögn 1-2.13 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið 1 – 2.14

**Þekking:** Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sérstöku verklagi sem þarf við verkefni starfs í frístund
- meðhöndlun búnaðar og hluta
- vinnustaðnum og starfsemi í frístund
- verkefnum sem starf í frístund felur í sér
- framkomu, samskiptum og samvinnu við samstarfsfólk og börn

**Leikni:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- vinna verkefni samkvæmt verklýsingum og leiðbeiningum
- fylgja fyrirmælum um vinnutíma og hlé frá vinnu
- notkun upplýsingatækni í tengslum við vinnuna, ef við á
- skrá reglulega í verkdagbók (daglega)
- vera í daglegum samskiptum við börn í leik og starfi
- aðstoða við daglegar athafnir barna eftir þörfum
- sinna frágangi og þrífum

**Hæfni:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna á skilvirkan hátt með samstarfsfólki
- sýna þjónustulipurð og kurteisi við samstarfsfólk og börn
- viðhafa jákvæð og góðum samskipti við samstarfsfólk og börn
- ræða um lausnir á verkefnum og bæta eigin vinnubrögð

### Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Miðað er við að verkdagbók nýtist einnig við lokamat. Símat og verkdagbók nýtast gjarnan við lokamat á námi fyrir útgáfu Fagbréfs atvinnulífsins.

<b>Þrep</b>	1
<b>Vinnustundir</b>	59
<b>Námshgrein</b>	Smíðja, verkefni 5
<b>Viðfangsefni</b>	stuðningur, eftirfylgni, verkefni og þjálfun í heildarstarf, tileinkun vinnubragða, aukið sjálfstæði við vinnu, möguleg starfsþróun

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að styðja við nema til að nýta þá leiðsögn og þjálfun sem þeir hafa fengið í fyrri námsþáttum. Styðja nema og efla við dagleg verkefni í frístund og nýta möguleika til starfsþróunar. Námsþátturinn er beint framhald af fyrri námsþætti (1-2.14) og byggir á þeim grunni.

Eftir að nemar hafa náð að tileinka sér vinnubrögð við þjálfun í starfi þá geta nemar tekið aukna ábyrgð við ákveðin verkefni starfs í frístund. Þjálfun, stuðningur og eftirfylgni er veitt í tengslum við meginþætti fyrri námsþátta með áherslu á heilsueflingu, mætingu, fjölmenningu á vinnustað og samvinnu, samskipti og sjálfstæði nema bæði í og utan vinnu. Megin áhersla á helstu starfstengda hæfnipætti s.s. að veita stuðning og fylgja börnum í starfi og leik, ýta undir sjálfsbjargarviðleitni og vera til staðar fyrir þau.

Nemar skipuleggja dagleg verkefni eins og kostur er og læra að vinna að þeim jafnt og þétt. Markmiðið er að nemar geti tileinkað sér aukið sjálfstæði í vinnubrögðum við ákveðin verkefni starfs í frístund og tengt starfsumhverfinu. Einnig er lögð áhersla á eftirfylgni með réttindamálum í tengslum við réttindi og skyldur í starfi sem væntanlegur launþegi.

**Forkröfur:** Þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.14 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið 1 – 2.15

**Þekking:** Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- að vinna ákveðin verkefni starfs í frístund jafnt og þétt
- hvernig góð vinnubrögð leiða til betri árangurs í starfi
- mikilvægi þess að meta eigið vinnuframlag
- hvernig aukið sjálfstæði, góð heilsa og samskipti stuðla að vellíðun í starfi

**Leikni:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér vinnubrögð sem kennd hafa verið í vinnustaðanáminu
- sýna fram á sjálfstæði í vinnubrögðum
- viðhafa góð samskipti við samstarfsfólk og börn
- nýta stuðninginn til sjálfseflingar
- veita aðstoð við dagleg störf, eftir þörfum

**Hæfni:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna góða mætingu og jákvæð viðhorf í samskiptum og samstarfi
- meta verk sitt með það fyrir augum að bæta árangur í starfi í frístund

### Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Miðað er við að verkdagbók nýtist einnig við lokamat. Símat og verkdagbók nýtast gjarnan við lokamat á námi fyrir útgáfu Fagbréfs atvinnulífsins.

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	15
<b>Námsgrein</b>	Smiðja, verkefni 6
<b>Viðfangsefni</b>	hvatning til framtíðar, lærdómur við verklok, verkdagbók o.fl.

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að fara yfir námið sem heild með sérstaka áherslu á báða hluta vinnustaðanáms. Nemar kynnast launaseðlum og fá grunn þjálfun í lestri launaseðils til undirbúnings fyrir þátttöku á vinnumarkaði. Mikilvægt er að veita nemum hvatningu til framtíðar, með það fyrir augum að finna starf sem hentar þeim vel og stuðlar að auknum lífsgæðum og vellíðan. Fjallað er um hvernig nemum hefur tekist að nýta þá leiðsögn og þjálfun sem veitt var og árangurinn sem náðst hefur í starfi í frístund.

Samantekt á verkdagbók er gerð, og hver nemi kynnir sitt verkefni frá vinnustaðnum. Lögð er áhersla á markmiðasetningu fyrir hvern nema, sem er að hluta til heimaverkefni. Nemar fá kynningu í gerð ferilskrár og eru þjálfuð í því.

Við verklok fara nemi og leiðbeinandi yfir hvernig starfið hafi gengið frá upphafi til loka. Nemi leggur til sitt mat á eigin vinnuframlagi og þróun á sjálfstæði og fagmennsku í frístundastarfinu.

**Forkröfur:** Þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.15 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið 1 – 2.16

**Þekking:** Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi leiðsagnar og þjálfunar í vinnustaðanámi í frístund
- hvernig góð vinnubrögð leiða til betri árangurs í starfi
- að meta eigið vinnuframlag í samvinnu við starfsþjálfva / leiðbeinanda
- lesa og átta sig á innihaldi launaseðils
- vinna að gerð eigin markmiða

**Leikni:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér vinnubrögð sem kennd hafa verið í vinnustaðanámi
- sýna fram á aukið sjálfstæði í vinnubrögðum
- spjalla um námið í heild sinni og lærdóminn af því
- vinna að gerð ferilskrár

**Hæfni:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- kynna verkefni sitt í hópnum
- setja sér markmið
- meta verk sitt með það fyrir augum að bæta árangur

### Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Byggir á samvinnu og samstarfi fræðsluaðila og leiðsagnar (starfsþjálfva) á vinnustað.

## Viðaukar

Viðaukar
Námsmat
Mat á framkvæmd náms
Verkdagbók
Hæfnimat - Vinnustaðanám

## Námsmat

Námsrángur og námsframvinda eru metin með fjölbreyttum matsaðferðum og með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsins. Áhersla er á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nemanna. Gert er ráð fyrir að nemar haldi verkdagbók sem lið í að meta námsframvindu sína.

Hér fyrir neðan er dæmi um fyrstu drög að lista fyrir leiðbeinanda í fræðslu. Gjarnan má nýta töfluna og bæta við þáttum sem leiðbeinendur vilja taka fyrir

Í leiðsagnarmati er merkt í hólf undir fjórar tölur: 4 jafngildir Alltaf, 3 er Oftast, 2 er Stundum, 1 er Aldrei.

Virgni í námi	4	3	2	1
Skrásetur og safnar í verkdagbók				
Safnar minnisatriðum, hugleiðingum, hugmyndum og öðru námsefni				
Tekur virkan þátt í umræðum				
Jákvætt viðhorf til skólafélaga og verkefna				
Tekur virkan þátt í viðfangsefnum				

## Mat á framkvæmd náms

Auk þess að meta eigin stöðu þá meta nemi námið, markmið þess, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsins. Fræðsluaðili sér til þess að þetta mat fari fram með könnun eða öðrum áreiðanlegum hætti. Nemi leggur mat á:

- námið og markmið þess.
- skipulag námsins.
- hæfni leiðbeinenda.
- aðbúnað á kennslustað og veitta þjónustu.

Með þessu hefur nemi öðlast hæfni í að:

- taka þá ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfan sig og aðra.
- leggja mat á markmið sín og eigin framfarir í náminu.

Merktu við eins og þér finnst hafa gengið	Á ekki við	Já	Nei
Voru verkefni eins og þú áttir von á?			
Var auðvelt að skilja munnlegar leiðbeiningar?			
Var auðvelt að skilja skriflegar leiðbeiningar?			
Gastu unnið eftir verklýsingu þinni?			
Voru vinnuaðstæður góðar?			
Finnst þér að þú hafir lært af þessu námi?			
Fannst þér gott að vinna með leiðbeinanda?			
Finnst þér gagn af að nota verkdagbókina?			
Treystir þú þér til að vinna sambærilegt verkefni eftir verklýsingu á eigin spýtur?			
Gekk þér vel að vinna með öðrum?			
Náðir þú að nota leiðir til að njóta stundarinnar?			

## Verkdagbók

Í fræðslubætti er nemum gerð grein fyrir að í verkdagbók eigi að safna gögnum um verkefni og frammistöðu svo að fyrirtæki eða skóli geti notað í leiðsögn og við að leggja viðeigandi mat á virkni og verkskil.

Markmið með verkdagbók er að styðja við og efla nám auk þess að vera ákveðinn vitnisburður um árangur. Í verkdagbókina safna namar helstu upplýsingum í tengslum við vinnustaðanám, hvaða viðfangsefnum er sinnt, ef eitthvað kemur upp á, á vinnustað, hugrenningum, verklýsingum og fleiru sem getur skipt máli. Auk þess færa þau jafnóðum lýsingar sínar á framvindu verksins og ályktanir sem þau draga til að auka þekkingu sína, leikni og hæfni.

Leiðbeinandi fræðsluaðila metur verkdagbók. Nemi metur eigið vinnuframlag, gagnsemi náms, samstarf við aðra nema og leiðbeinanda.

## Forsíða

### Nemi:

---

Tilgangur verkdagbókar er að efla nám og vera vitnisburður um framvindu og árangur náms.

Í verkdagbók er safnað efni til þess að:

- auðvelda nemum upprifjun á efni smiðjunnar
- namar og leiðbeinendur geti metið framvindu og árangur námsins
- vera vitnisburður um viðfangsefni og árangur nema ef þeir vilt sýna hana öðrum.

### Mikilvægt er að nemi færi í verkdagbók á hverjum degi.

- Framsetning efnis í verkdagbók getur verið:
  - skrifleg
  - riss, teikningar
  - ljósmyndir
  - hreyfmyndir (video) og/eða hljóðritun
  - á annan hátt sem nemi kýs að lýsa því sem gert er við vinnu í vinnustaðanámi.
- Dæmi um efni sem á erindi í verkdagbók:
  - verklýsingar, áætlanir, uppgjör og annað sem varðar undirbúning, skipulag og framvindu verks
  - minnisatriði, hugleiðingar og ályktanir
  - gátlistar, eyðublöð og leiðsagnarmat.

Á næstu síðu er einfalt dæmi um uppsetningu verkdagbókar sem er rituð. Namar þurfa að hafa dagsetningu við hverja færslu í dagbók.





## Hæfnimat – Vinnustaðanám - Starf í frístund

Stöðumat (símat) fer fram á meðan vinnustaðanám varir.

Við lok vinnustaðanáms fyllir starfsþjálfari út hæfnimatið við matssamtal. Að loknu matssamtali staðfesta nemi og starfsþjálfari niðurstöðu matsins.

Hæfnimatið fer fram á vinnustað í samtali á milli starfsþjálfara og nema. Nemi getur óskað eftir að ráðgjafi frá VMST eða fræðsluaðila sé viðstaddur hæfnimat (matssamtal). Nemi skilar niðurstöðum hæfnimatsins til fræðsluaðila.

Þú gefur nema vitnisburð um hæfni með númerum hér fyrir neðan sem eiga að lýsa þekkingu og færni í námsþáttum 1-2.14 og 1.2-15.
1 - Lítil þekking og færni og/eða getur útfært einfalda verkþætti.
2 - Nokkur þekking og færni og/eða getur starfað við fyrirfram gefin verkefni.
3 - Góð þekking og færni og/eða vinnur vel og sýnir sjálfstæð vinnubrögð.
4 - Mikil þekking og færni og/eða hefur sýnt mjög góða færni í starfi.

\* Rammar fylltir  = á alltaf við starfið

Hæfnimat námsþátta 1-2.14 – 1.2.15 Starf í frístund	Útfyllist af matsaðila					
	Á ekki við starfið	Lítil 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið
<b>Þjálfun og sjálfstæð vinna</b>						
Ég þekki og hef skilning á:						
– að mæta á réttum tíma	<input type="checkbox"/>					
– að koma vel fram við fólk	<input type="checkbox"/>					
– starfsemi og verklagi starfs í frístund	<input type="checkbox"/>					
– halda sig við vinnu á vinnutíma	<input type="checkbox"/>					
– rétttri líkamsbeitingu við vinnuna	<input type="checkbox"/>					
– að nýta og fara vel með tíma, búnað, hluti og annað í tengslum við umhverfi	<input type="checkbox"/>					
– góðum og jákvæðum samskiptum	<input type="checkbox"/>					
– að vera til staðar fyrir samstarfsfólk og börn	<input type="checkbox"/>					
– að virða trúnað við samstarfsfólk og börn	<input type="checkbox"/>					
Ég get:						
– tekið þátt og aðstoðað við val og/eða aðrar skipulagðar stundir	<input type="checkbox"/>					
– átt í daglegum samskiptum við börn og samstarfsfólk	<input type="checkbox"/>					
– hjálpað til við hressingu	<input type="checkbox"/>					
– aðstoðað börn við daglegar athafnir eftir þörfum	<input type="checkbox"/>					
– sinnt frágangi og þrifum á starfsstöð og útisvæði eins og við á	<input type="checkbox"/>					
– haldið vinnusvæði snyrtilegu og öruggu	<input type="checkbox"/>					
– unnið undir álagi	<input type="checkbox"/>					
– fylgt fyrirmælum og unnið eftir skipulagi	<input type="checkbox"/>					
– komið vel fram og unnið með öðrum	<input type="checkbox"/>					
– sýnt sjálfstæði í ákveðnum verkefnum eftir að hafa fengið þjálfun	<input type="checkbox"/>					
– notað upplýsingatækni í tengslum við starfið	<input type="checkbox"/>					
–	<input type="checkbox"/>					
–	<input type="checkbox"/>					
–	<input type="checkbox"/>					
–	<input type="checkbox"/>					
–	<input type="checkbox"/>					

Ábendingar og athugasemdir starfsþjálfafa!

Hér staðfesta nemi og starfsþjálfafi að skráðar upplýsingar eru réttar:

Staður:	Dagsetning:
Undirskrift nema í vinnustaðanámi hjá	
Undirskrift starfsþjálfafa vinnustaðar	

Með undirskrift staðfestist viðvera ráðgjafa í matssamtali:

Staður:	Dagsetning:	Undirskrift ráðgjafa/atvinnutengils VMST
---------	-------------	--

